

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 55/2009, um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

1. gr.

Í stað orðsins „skírteini“ í 4. mgr. 4. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni og fylgiskjali við hana kemur, í viðeigandi beygingarmynd og með eða án greinis eftir atvikum: innkaupaheimild.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Næringarefni og sérfæði frá Sjúkratryggingum Íslands“ með reglugerðinni:

Fyrri málslíður í *Skýringum og skilgreiningum* í upphafi fylgiskjals orðast svo:

70/90/100%: Þátttaka Sjúkratrygginga Íslands í greiðslu næringarefnis eða sérfæðis er 70%, 90% eða 100%.

Flokkur **98 03 06 Næring um slöngu**. Í stað orðsins „sjúklings“ í 2. mál. 1. mgr. og í fyrirsögn síðar í málsgreininni kemur: einstaklings.

Við flokkinn **98 06 Lífsnauðsynleg næringarviðbót vegna vannæringar og sérfæði** bætist:

Flokkur **98 06 27 Glútensnautt fæði (sérfæði) vegna ofnæmis/óþöls fyrir hveiti**.

Glútenópol skal staðfest af barnalækni eða meltingarsérfræðingi en dermatitis herpeti-formis skal staðfestur af húðlækni.

Hveitiofnæmi skal staðfest af barnaofnæmislækni eða ofnæmislækni.

Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða vörur í þessum flokki fyrir börn að 18 ára aldrí. Sjúkratryggingar Íslands greiða 70% á grundvelli innkaupaheimildar þó að hámarki 14.000 kr. á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. janúar 2013.

Velferðarráðuneytinu, 26. nóvember 2012.

Guðbjartur Hannesson.

Hrönn Ottósdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2012